



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn. s: 464-4163 f. 464-4363, netf. sveitarstjorn@myv.is

Fundargerð Umhverfisnefnd

Fundur í umhverfisnefnd Skútustaðahrepps, haldinn að Skútahrauni 8, mánudaginn 5. júlí 2004.

Fundinn sátu allir aðalmenn í umhverfisnefnd.

Formaður setti fund og stjórnaði honum. Fundargerð ritaði Jón Illugason.

1. Tillaga að umhverfisstefnu Skútustaðahrepps.

Aðeins ein athugasemd hefur borist; frá Sólveigu Illugadóttur. Leggur hún til að í síðasta lið 4. kafla komi eftirfarandi á eftir náttúruminja og örnefna:
“og farið verði eftir örnefnaskrá ein og lög gera ráð fyrir.”

Eftirfarandi bókun samþykkt samhljóða: “Umhverfisnefnd hefur rætt athugasemd Sólveigar Illugadóttur og er sammála um að vanda þurfi til verka hvort sem um er að ræða merkingu gönguleiða, náttúruminja og örnefna, eða annað. Nefndin gengur út frá, að þegar kemur að því að framfylgja umhverfisstefnu hreppsins, verði í einu og öllu farið að lögum og reglugerðum. Þess vegna telur nefndin ekki sérstaka ástæðu til að taka slíkt fram í texta umhverfisstefnunnar.”

2. Gangandi umferð um Skútahraun.

Grétar vakti athygli á vandamálum varðandi umferð gangandi vegfarenda í Skútahrauni þar sem ökutækjum er oft lagt upp á gangstétt.

Í þessu sambandi var einnig rætt um stöður rútbifreiða og annarra atvinnutækja inni í íbúðargötum.

Nefndin felur formanni að taka mál þetta upp við sveitarstjóra og leita leiða til úrbóta.

3. Oliutankur dráttarbáts Kísiliðjunnar.

Rætt um óhapp sem varð í fyrrihluta júní s.l. þegar dráttarbátur Kísiliðjunnar sökk á Mývatni og oliutankur fór í vatnið með nokkru magni af olíu. Hefur tankurinn ekki fundist síðan og raunar engin olíubrák sést á vatninu.

Nefndin lýsir áhyggjum yfir því að oliutankur þessi sé í vatninu og hvetur til að lagt verði kapp á að finna hann sem fyrst.

4. Hraðatakmarkanir á þjóðvegi 1 um Voga.

Grétar vakti athygli á umferðarhraða á vegi nr. 1 frá Reykjahlíð suður fyrir Voga, en 90 km. hámarkshraði er á þessum vegarkafla. Taldi Grétar koma til greina að setja þarna 70 km. hámarkshraða.

Nefndin telur ástæðu til að fram fari frekari umræða um þetta mál og beinir því til sveitarstjórnar að taka það til skoðunar.

5. Minnisblað Grétars Ásgeirssonar.

Grétar lagði fram minnisblað sem umræður urðu um. Rætt var m.a. um:

- a) Gámasvæði við Múlaveg og sorphirðu.
- b) Gamlar aflagðar girðingar.
- c) Ruslahreinsun meðfram vegum.
- d) Nauðsyn girðingar meðfram þjóðvegi á Austurfjöllum.
- e) Gott framtak unglingsdeildarinnar “Mývarga” við að setja upp gám til móttöku á pappírfernum.
- f) Uppmælingu á lóðum í Reykjahlíðarþorpi.
- g) Lerki og lúpínu.
- h) Gönguleið milli Helluhrauns og Skútahrauns.
- i) Nauðsyn á gangstétt meðfram Hraunvegi, Hlíðavegi neðan Helluhrauns og um Birkihraun.
- j) Frágang götujaðars vestan Helluhrauns.

Fleira ekki bókað.

Jón Illugason
fundarritari